

Akureyri, 12. mars 2019

Umhverfis- og samgöngunefnd alþingis
Kirkjustræti
101 REYKJAVÍK


Varðar: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar, 86. mál.

Ágæti viðtakandi.

Þingsályktun um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar, 86. mál var tekið fyrir á fundir stjórnar Eyþings 12. mars 2019. Eftirfarandi var bókað:

“Stjórn Eyþings tekur undir þingsályktunartillögu þess efnis að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar og er afstaða stjórnarinnar einróma í því að flugvöllur og miðstöð innanlands- og sjúkraflugs skuli vera áfram í Vatnsmýrinni í Reykjavík uns jafngóður eða betri kostur verði tilbúinn til notkunar. Þá tekur stjórn Eyþings undir greinargerð sem fylgir þingsályktunartillögunni. Reykjavíkurflugvöllur gegnir mikilvægu og fjölþættu hlutverki í samgöngum íbúa Norðausturlands, þá er tilgangur hluta ferðanna að sækja lækniþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og tengist staðsetning flugvallarins þannig brýnum öryggishagsmunum almennings. Þá gegnir flugvöllurinn einnig lykilhlutverki í tengingu landsbyggðanna við opinbera grunnþjónustu og mikilvægar opinberar stofnanir, sem flestar eru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu.”

Ofangreint tilkynnist hér með.

f.h. stjórnar Eyþings

EYÞING
SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Í EYJAFIRÐI OG ÞINGEYJARSKYSLUM
Páll Björgvin Guðmundsson